

Fundargerð 1. fundar starfshóps um fæðismál í grunnskólum

Fundardagur: Þriðjudagur 13. mars 2018
Fundarupphaf: Kl. 13
Staðsetning: Fundarherbergið Langeyri

Mætt: Rósa Guðbjartsdóttir, Karólína Helga Símonardóttir, Júlíus Andri Þórðarson og Kristín Ólöf Grétarsdóttir. Frá skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustunnar Geir Bjarnason og Vigfús Hallgrímsson.

Rósa stýrði fundi.

Mál sem voru rædd á fundinum:

1. Tildrög starfshópsins.

Rósa kynnir tildrög starfshópsins og hvað hefur verið unnið undanfarið í tilboðsmálum sem snýr að matarmálum í grunnskólum.

2. Verkefni þessa hóps.

Hópurinn er nokkuð sammála um að verkefni þessa starfshóps væri að leggja fram leikreglur að möguleikum grunnskóla til að stýra sem eigin áherslum í matarmálum líkt og kom fram í minnisblaði sem lagt var fyrir fræðsluráð í janúar sl. og einnig innihélt drög að erindisbréfi þessa starfshóps.

Ýmis sjónarmið eða vangaveltur í leikreglur fyrir skólana heyrðust á fundinum, m.a. þessi:

- Hver grunnskóli skilgreini eigin matarstefnu, t.d. hreint fæði, vegan, fjölbreytni, „hefðbundið“ mötuneyti, eigin ræktun að hluta o.s.frv.
- Mötuneyti skólanna geti ýmist verið rekið á eigin vegum skóla (sbr. Áslandsskóla) eða keypt af fyrirtækjum úti í bæ (líkt og er í dag með aðra grunnskóla bæjarins).
- Verð á skólamáltíðum sé ekki endilega það sama í öllum skólum, þ.e. getur ráðist af hverjum skóla og mataráherslum hans. Matarkostnaður er nánast greiddur af foreldrum en ef nýtt fyrirkomulag verði þarf að ræða verðfyrirkomulag, þ.e. sama niðurgreiðsla á alla skóla eða verð til foreldra mismunandi eftir stefnu skóla? Eða sama verð fyrir alla óháð kostnaði eftir skólum? Ákveða þarf þá leikreglur, t.d. að niðurgreiðsla sé ákveðin prósentu af heildarkostnaði hvers skóla.
- Hver skóli taki ákvörðun á haustmíssi 2018 um eigin áherslur og skili tillögum ekki síðar en 15. desember um hvað hann vilji gera frá hausti 2019.
- Lýðræðisleg umræða verði innan hvers skóla um ákvörðun, þ.e. meirihluti foreldra/nemenda verði að samþykka stefnu skóla sem verður til.
- Ef skólar vilji fara í útboð í matarþjónustu skóla fari útboðsferli fram vorið 2019 og taki gildi haustið 2019. Sömuleiðis ef skóli vill breyta úr verktöku í eigin eldun gerist það líka haustið 2019.

Þá þarf að huga hvernig verði með skólaárið 2018-2019. Nú er í gildi samningur við Skólamat ehf til sumars 2018. Ef vilji er til að taka eitt ár til viðbótar í endurskoðun matarmála þarf að skoða fljótt möguleika hvort endurnýjun á núverandi samningi sé möguleg í eitt skólaár til viðbótar án útboðs meðan unnið er að þessum áherslum sem starfshópurinn er að undirbúa.

3. Áframhaldandi vinna starfshópsins.

Heimsókn er í boði til Skólamatar, t.d. sem næsti fundur okkar. Tillaga um þriðjudag 20. mars kl. 14 (VH).

Fá aðila í nágrannasveitarfélögum til að ræða framkvæmd matarmál í þeim (VH).

Velt upp hvernig ætti að standa að opnun þessa verkefnis með skólunum þegar starfshópurinn hefur lokið störfum, þ.e. hvort hafa ætti fræðslu og kynningar samhliða.

Markmiðið er að hópurinn ljúki verkefni sínu í vor, ekki síðar en í maí.

Fundarslit kl. 11.45.

Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson